Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1067
komudagur 10. 3. 2005

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**
**Efnahags- og viðskiptanefnd**
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 8. mars 2005.

**Efni: Frv. til l. um br. á l. um gjaldþrotask. nr. 21/1991 (205. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur áður veitt umsögn um frumvarpið og víkur frumvarpið, að mati ráðsins, í verulegum atriðum frá meginreglum samnin garéttar. Þannig er t.a.m. gert ráð fyrir því að skuldbindingagildi ábyrgðaryfirlýsingar með því að ábyrgðarmenn skuldara skuli njóta sérstaks réttar fái skuldari úrskurðaða greiðsluaðlögun sér til handa. Í greinargerð kemur ekki fram að reynt hafi verið að leggja mat á það hvaða áhrif þessi réttarúrræði gætu haft á lánsmöguleika og lánskjör neytenda. Hætt er við að afleiðingar svo víðtækra afskipta af samningum manna hitti harðast fyrir þá sem ætlunin er með frumvarpinu að aðstoða.
Verslunarráð hefði viljað sjá í greinargerð hugmynd um kostnað hins opinbera af þessu réttarúrræði sem frumvarpið mælir fyrir um.
Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigþrúður Ármann.

*Póstáritun:*
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
*Website: www.chamber.is*